

Betri háskóli

betra samfélag

STEFNA 2021-2026



HÍ

Horfum til framtíðar

Brýnar áskoranir samtímans og framtíðar kalla á lausnir sem byggjast á framsækinni sýn, þekkingu og þverfræðilegri nálgun og samstarfi. Þróun háskóla á næstu árum mun skipta sköpum fyrir viðureign samfélaga við þau flóknu viðfangsefni sem heimurinn stendur frammi fyrir. Því hefur aldrei verið brýnna að háskólar hafi skýra sýn á þróun eigin starfs. Háskólar eru vettvangur frjálsrar þekkingarleitar, skapandi hugsunar, nýsköpunar og menntunar nýrra kynslóða. Þeir þurfa að ryðja brautina með nýrri þekkingu og hafa kjark til að breytast í ljósi nýrra viðfangsefna.

Nú eru 110 ár frá því Háskóli Íslands var stofnaður en hann hefur æ síðan verið burðarás í íslensku samfélagi. Árið 1911 voru 11 kennarar og 45 nemendur við skólann. Síðan þá hefur Háskóli Íslands brautskráð um 55 þúsund nemendur sem hafa látið að sér kveða á öllum sviðum samfélags og atvinnulífs. Nú eru nemendur frá tæplega eitt hundrað þjóðlöndum við skólann og alls stunda rúmlega 16 þúsund nemendur nám á grunn-, meistara- og doktorsstigi. Með undirstöðu í námi og rannsóknum frá skólanum munu þau móta framtíðina.

Háskóli Íslands hefur skapað sér traust og virðingu á alþjóðlegum vettvangi sem alhliða og öflugur

rannsóknaháskóli og standa fræðimenn við skólann í fremstu röð samkvæmt alþjóðlegu mati á háskólum. Skólinn gegnir einnig mikilvægu hlutverki í lýðræðislegri og upplýstri samfélagsumræðu á Íslandi. Þekkingarsköpun við skólann styður samfélagið við að takast á við margvíslegar áskoranir, allt frá umhverfisbreytingum, náttúruvá og örum tæknibreytingum til margvíslegrar ógnar við heilsu og velferð fólks.

HÍ26 – Stefna Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026 endurspeglar hlutverk og sýn skólans og lýsir forgangsröðun verkefna sem munu móta allar hliðar starfsins næstu árin. Háskóli Íslands byggir á traustum stöðum og sækir jafnframt fram sem háskóli með öflugra þverfræðilega starfsemi sem styður við fjölbreytt samfélag starfsfólks og nemenda. Við tökum stór skref í að opna Háskólann enn frekar, kappkostum að hann eigi í frjóu samstarfi við háskóla um allan heim og starfi jafnframt náði með atvinnulífi og samfélagi. Í HÍ26 er lögð áhersla á að starf skólans stuðli að sjálfbærni og farsælli þróun samfélagsins á Íslandi og um heim allan.

Jón Atl. Benediktsson


HÍ26

- » Árið 2026 verður Háskóli Íslands í nánun alþjóðlegu samstarfi, skólinn verður farvegur samfélagslegrar nýsköpunar og býr nemendum undir að takast á við verkefni margbreytilegs samfélags og áskoranir framtíðar
- » Árið 2026 mun heildstæð sjálfbærni hugsun ríkja í starfi Háskóla Íslands, sem býr yfir fjölbreyttu samfélagi nemenda og starfsfólks. Skólinn mun leiða upplýsta umræðu og verður aflvaki í jákvæðri þróun samfélagsins
- » Árið 2026 verður Háskóli Íslands alþjóðlega öflugur rannsóknaháskóli. Sífelld þróun starfseminnar færir skólanum sérstöðu varðandi gæði kennslu og rannsókna sem tryggir honum óskorað traust
- » Árið 2026 styðja rannsóknainviðir, aðstaða og tækjakostur við markmið skólans. Velferð nemenda og starfsfólks er höfð að leiðarljósi sem gerir skólann aðlaðandi og samkeppnisfæran

Allt starf skólans byggist á grunngildum hans um akademískt frelsi, jafnrétti og fagmennsku

Jón Atli Benediktsson, rektor





Betri háskóli

betra samfélag

Framtíðarsýn HÍ26

Skólinn skapar opið og fjölbreytt umhverfi náms og rannsókna, hann er í sterku sambandi við meginstoðir samfélagsins og í víðtæku samstarfi við háskóla og þekkingarsetur um allan heim.

Með því að tryggja óskorað traust byggt á gæðum, jafnrétti og sjálfbærni á öllum sviðum getur Háskólinn rækt forystuhlutverk sitt í þekkingarsköpun fyrir samfélagið.

Leiðarljós HÍ26

Gæði

Við tryggjum gæði á öllum sviðum starfsins til að styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni í kennslu og rannsóknum.

Traust

Við erum ábyrg og meðvituð um samfélagslegt mikilvægi skólans sem laðar að starfsfólk og nemendur með fjölbreyttan bakgrunn.

Snerpa

Við ryðjum hindrunum í samstarfi úr vegi og tökum frumkvæði til að mæta breytingum og áskorunum innan skólans og í samfélaginu.

HÍ og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun taka til helstu áskorana sem mannkynstendur frammi fyrir og munu skipta sköpum fyrir lífsskilyrði okkar á jörðinni í framtíðinni. Háskólar eru þekkingarveitur sem gegna lykilhlutverki í leitinni að svörum við þessum áskorunum.

HÍ26 hefur sterka skírskotun til heimsmarkmiðanna. Sjálfbærni og fjölbreytileiki er ein af fjórum megináherslum stefnunnar sem felur í sér að sjálfbærni er lögð til grundvallar í allri starfsemi skólans. Tvö markmið vega hér þyngst. Annars vegar að Háskóli Íslands verði leiðandi á sviði sjálfbærni í krafti kennslu, rannsókna og þekkingarsköpunar og hins vegar að hann taki forystu um sjálfbæra starfsemi og kolefnishlutleysi. Þekkingarsköpun, rannsóknir og kennsla við skólann hafa víðtæk áhrif og nýtast til að styðja við jafnrétti, lýðheilsu, glímuna við loftslagsvá,

farsæla samfélagsþróun, sjálfbæran efnahagslegan stöðugleika og nýsköpun á öllum sviðum samfélags og atvinnulífs. Með þessu leggur háskólasamfélagið dýrmætt lóð á vogarskálar heimsmarkmiðanna. Háskóli Íslands, í samstarfi við erlenda samstarfsskóla, hefur nýverið ráðist í að kortleggja nánar framlag rannsókna og kennslu til heimsmarkmiðanna. Niðurstöðurnar verða birtar í sérstökum mælaborðum sem gefa skýra og yfirgrípsmikla mynd af framlagi Háskóla Íslands til brýnna úrlausnarefna og sem verða notuð til að styðja við áframhaldandi þróun starfseminnar í þágu heimsmarkmiðanna.

Alþjóðlegir matslistar um gæði háskóla taka í auknum mæli til samfélagslegra áhrifa þeirra. Árið 2021 var Háskóli Íslands þriðja árið í röð á lista tímaritsins *Times Higher Education* yfir þá háskóla í heiminum sem hafa mest samfélagsleg og



efnahagsleg áhrif m.t.t. heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Listinn nefnist *University Impact Rankings* og byggist á mati á því hvernig háskólar uppfylla mælikvarða sem snerta samfélagsleg og efnahagsleg áhrif auk framlags til heimsmarkmiðanna.

Í nýrri stefnu Háskóla Íslands eru sett fram metnaðarfull markmið sem varða þróun kennslu, rannsóknna, nýsköpun og aðra starfsemi. Stefnan gerir skólanum kleift að rækja forystuhlutverk sitt varðandi sjálfbæra þróun í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við fjölmiðla, samfélag, atvinnulíf og stjórnvöld, íslensku samfélagi og heiminum öllum til hagsbóta.

**Öflug þátttaka háskóla-
samfélagsins er forsenda
þess að Ísland geti lagt
lóð á vogarskálar
heimsmarkmiðanna**

Áherslur í starfi skólans 2021-2026

1 OPINN OG ALÞJÓÐLEGUR

Við eigum samstarf þvert á einingar skólans og í frjóu samtali og samstarfi við samfélag, atvinnulíf og háskóla um heim allan

2 SJÁLFBÆRNI OG FJÖLBREYTILEIKI

Við erum fjölbreyttur hópur starfsfólks og nemenda sem leggur áherslu á að nám og rannsóknir mæti þörfum íslensks samfélags og atvinnulífs og stuðli að sjálfbærum heimi

3 AFL Á GRUNNI GÆÐA

Með áherslu á gæði og stöðugar umbætur í öllu okkar starfi rækjum við af ábyrgð hlutverk okkar sem drifkraftur framfara

4 GÓÐUR VINNUSTADUR

Við byggjum upp trausta innviði sem styðja við alla starfsemi skólans og gera nemendum og starfsfólki kleift að blómstra



1

Opinn og alþjóðlegur

Hlutverk Háskóla Íslands er að skapa umhverfi þar sem þekkingarsköpun nemenda og starfsfólks blómstrar. Í því felst m.a. náð samstarf við nær- og alþjóðasamfélag á sama tíma og Háskólinn skapar skjól, stuðning og svigrúm fyrir nýjar hugmyndir og hagnýtingu þeirra. Háskólinn tekur markviss skref til að styðja í hvívetna við þverfræðilega samvinnu, aukið alþjóðasamstarf í kennslu og námi og öflugt umhverfi nýsköpunar. Námið við skólann býr nemendur undir þátttöku í fjölbreyttu og síbreytilegu atvinnulífi.

Þær samfélagslegu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir verða ekki leystar innan einstakra fræðigreina eða starfseininga. Því er lykilatriði fyrir öflugan háskóla að nemendur og starfsfólk geti stundað nám, rannsóknir og önnur störf í góðu samstarfi, óháð deildum og sviðum. Innri kerfi skólans þurfa að styðja við þverfræðilegar námsleiðir og rannsóknir og ryðja þarf úr vegi rekstrarlegum og skipulagslegum hindrunum slíks samstarfs.

Samstarf við aðila utan skólans er ekki síður mikilvægt. Þekkingarsköpun verður sífellt


alþjóðlegri og mikilvæg rannsóknaverkefni eru umfangsmeiri en svo að þeim verði sinnt án umfangsmikillar samvinnu. Háskóli Íslands er nú þegar í öflugum samstarfi við fjölmarga erlenda háskóla, m.a. á vettvangi Aurora-háskólanetsins sem verður eftt á tímabilinu. Stuðningur verður aukinn við alþjóðlegt rannsóknasamstarf auk þess sem tækifæri til skiptináms verða aukin og námsleiðum í samstarfi við erlenda háskóla fjölgað.

Háskólinn skapar umhverfi í krafti öflugs samstarfs og opinna samskipta þar sem grunnrannsóknir og hagnýting þeirra eru hluti af heildarumhverfi nýsköpunar. Áhersla verður lögð á að glæða umhverfi nýsköpunar, ekki síst samfélagslegrar nýsköpunar sem tekur á mikilvægustu áskorunum samtímans. Nýsköpunarumhverfið byggir á traustum grunni rannsókna og kennslu innan skólans en ekki síður á góðri samvinnu, m.a. við Vísindagarða skólans, en einnig fjölmarga samstarfsaðila. Það er mikilvægur þáttur í að efla enn frekar starfshæfni nemenda og undirbúa þá undir ný og fjölbreytt störf í kvikum og tækni-væddum heimi.



Markmið

- » Þverfaglegt starf
- » Alþjóðatengsl
- » Nýsköpun og framfarir
- » Starfshæfni nemenda



Markmið

- » Þekking í þágu sjálfbærs samfélags
- » Sjálfbær starfsemi
- » Fjölbreytt háskólasamfélag
- » Samstarf við samfélagið

Sjálfbærni og fjölbreytileiki

2

Heimurinn stendur frammi fyrir flóknnum áskorunum. Rannsóknir, sérfræðipækking, kennsla og miðlun háskóla gegna lykilhlutverki í að stuðla að lýðheilsu og velferð, heilbrigðum hagkerfum og sjálfbærum og réttlátum samfélögum. Háskóli Íslands tekur markviss skref í átt að sjálfbærum heimi í krafti rannsókna og kennslu og í eigin starfsemi. Hann berst gegn áhrifum falsfrétta og leggur fram rannsóknir, gögn og sérfræðipækkingu til að styðja opinbera stefnumörkun og stuðla að lýðræðislegri umræðu.

Sjálfbærni er stærsta áskorunin sem mannkyn stendur frammi fyrir. Starf Háskólans þarf að leggja með afgerandi hætti til lausna sem stuðla að sjálfbærum heimi. Eitt mikilvægasta framlag skólans er að tryggja að námið geri nemendum kleift að takast á við samfélagslegar áskoranir og að rannsóknir auki skilning og skapi lausnir á sviði sjálfbærni. Á sama tíma mun skólinn axla ábyrgð og taka markviss og afgerandi skref sem stuðla að bættu vinnumhverfi og starfsháttum sem gera skólann að sjálfbærri stofnun.

Áhersla er lögð á að rannsakendur fái hvatningu, ráðrúm og hafi getu til að taka þátt í opinberri umræðu sem byggist á vísindalegri og gagnrýnni hugsun, niðurstöðum rannsókna og sérfræðipækkingu. Mótaðir verða fjölbreyttir farvegir og tæknilausnir nýttar til að efla samtal og samstarf rannsakenda við ólíka samfélagshópa, atvinnulíf, stofnanir og stjórnvöld. Sérstök rækt verður lögð við að auka sýnileika vísindafólks og rannsókna við skólann í alþjóðlegu samhengi.

Fjölbreytileiki og jafnrétti eru hornsteinar sjálfbærs samfélags. Háskólinn þarf að endurspegla og nýta þau verðmæti sem felast í ólíkum sjónarmiðum og reynslu. Fjölbreyttar raddir nemenda og starfsfólks stuðla að réttlátu samfélagi og treysta gæði þekkingarsköpunar. Vellíðan á að vera kjölfestan í Háskóla Íslands. Móttaka nýliða, gott starfsumhverfi og skýr upplýsingagjöf mun styðja betur við þann fjölbreytileika sem býr í mannauði skólans.

Afl á grunni gæða

Rannsóknir og kennsla eru kjarninn í starfi Háskóla Íslands og sameiginlegt verkefni rannsækenda, kennara, stjórnýslu og nemenda. Allt starf skólans er háð því að gæði rannsókna og kennslu séu tryggð og að starfið sé í sífelldri þróun í takt við þarfir nemenda og starfsfólks og þróun samfélagsins. Uppbygging námssamfélags og stafrænnar kennslu sem byggist á framsækinni kennslufræðilegri sýn stuðlar að öflugum háskóla. Aukinn stuðningur við rannsækendur, vandað framhaldsnám, skarpari umgjörð stjórnunar, auk stafrænnar umbyltingar stjórnýslu og þjónustu styrkir Háskólann í alþjóðlegri samkeppni.

Við þróun þjónustu við starfsfólk og nemendur verður byggt á notendamiðaðri hönnun. Hún skilar sér í betri og skilvirkari þjónustu og aukinni starfs- og námsánægju notenda. Sérstök áhersla verður lögð á að nýta upplýsingatækni til að bæta þjónustu með sjálfvirkum ferlum en þegar hennar nýtur ekki við taki við persónuleg hágæðabþjónusta.

Sífelld þróun kennsluhátta og námsframboðs er grunnurinn að gæðum námsins og að prófgráður standist alþjóðlegan samanburð. Stafræn tækni

býður upp á mikil tækifæri til að efla kennsluhætti, auka samskipti og mæta ólíkum þörfum nemenda, m.a. vegna búsetu og fötlunar. Breytingar sem urðu á kennslu í kjölfar kórónuveirufaraldursins gerðu slík tækifæri augljós. Við áframhaldandi upplýsingatæknivæðingu náms er lögð áhersla á heildstæða nálgun. Traust kennslufræði er lögð til grundvallar við hönnun námskeiða til að auðvelda kennurum að miðla þekkingu, tryggja virkni nemenda, styrkja námssamfélag nemenda og kennara og efla endurgjöf og fjölbreytni í námsmati.

Staðnám við Háskóla Íslands er öflugt og viðamiklð framboð er á námskeiðum í fjarnámi. Fjarnám verður eftl sérstaklega og gæðaviðmið fyrir það verða skilgreind. Styðja á sérstaklega við deildir við þróun námsleiða í fjarnámi og gera framboð slíks náms sýnilegra. Mikilvægt er jafnframt að þróa markvisst þær fjölbreyttu leiðir sem eru til náms við skólann, svo sem til sí- og endurmenntunar og opið netnám, og gera þær sýnilegri.


Til þess að stunda hágæðarannsóknir þarf fjölbreyttan mannauð og trausta umgjörð rannsóknastarfs. Laða þarf að skólanum öfluga rannsækendur með

alþjóðlega reynslu. Skapa þarf umhverfi sem er forsenda þess að kröftugur hópur framhaldsnema blómstri. Meistaránám við skólann er ólíkt eftir fræðasviðum og mikilvægt er að þróa slíkt nám áfram byggt á kortlagningu á stöðu þess. Loks þarf að hlúa vel að sérhverjum doktorsnema, stuðla að því að fjármagn fyrir doktorsnám sé fyrir hendi við inntöku nema, styðja við trausta umsýslu með náminu og hvetja doktorsnema til alþjóðlegs samstarfs.

Markmið

- » Notendamiðuð þjónusta
- » Gæði náms í fyrirrúmi
- » Vandað framhaldsnám
- » Framúrskarandi vísindi





Markmið

- » Mannauður og starfsgleði
- » Innviðir rannsókna og kennslu
- » Farsælt háskólasvæði
- » Fjármál og rekstur

Góður vinnustaður

4

Starfsfólk og nemendur mynda framsækið og lifandi þekkingarsamfélag. Virðing og jafnrétti eru undirstaða þess að öll njóti sín. Breytingar tengdar upplýsingatækni hafa víðtæk áhrif á vinnuumhverfi framtíðarinnar. Það þarf að nýta í þágu starfsfólks, nemenda og starfseminnar allrar. Háskóli Íslands tekur vel á móti fjölbreyttum hópi nýs starfsfólks og nemenda og skapar hvetjandi umhverfi með traustum rannsóknainnvíðum og góðri aðstöðu til þróunar náms og kennslu. Uppbygging háskólasvæðisins, heilsusamlegt starfsumhverfi og vistvænar samgöngur stuðla að jöfnu aðgengi og samheldnu og sjálfbæru samfélagi.

Til að tryggja samkeppnisfærni Háskóla Íslands þarf að uppfylla væntingar starfsfólks og nemenda um nútímalegan og framsækinn vinnustað um leið og velferð og öryggi allra eru höfð í fyrirrúmi. Með það að markmiði mun skólinn gera áætlun sem styður við heilsu starfsfólks og nemenda og tryggir að stjórnun og skipulag styðji við velferð og starfsgleði. Góður starfsandi og uppbyggileg samskipti eru forsenda velferðar á vinnustað. Stjórnendur, starfsfólk og nemendur bera sameiginlega ábyrgð á starfsumhverfinu sem byggir á trausti, virðingu, umburðarlyndi og jákvæðu viðmóti. Kynferðisleg áreitni, ofbeldi og einelti er ekki liðið við Háskóla Íslands.

Síðastliðin ár hefur verið unnið að mótun heildstæðrar sýnar fyrir háskólasvæðið sem styðst við algilda hönnun og með áherslu á vistvænar samgöngur. Á svipaðan hátt þurfa ferlar við nýráðningar að styðja við sjálfbærni og fjölbreytileika. Áhersla er lögð á að stjórnendur tryggji ávallt skilvirkan rekstur starfseminnar.

Öflugir rannsóknainnvíðir og traust fjármögnun rannsóknaverkefna eru forsenda þess að Háskólinn sé leiðandi í rannsóknum á alþjóðavísu. Mikil tækifæri liggja í auknu þverfaglegu samstarfi í rannsóknum og í sameiginlegri uppbyggingu rannsóknainnvíða. Þannig myndast sá slagkraftur sem nauðsynlegur er til að sækja fram og auka sókn í erlenda styrkjasjóði. Rekstur og nýting rannsóknainnvíða þarf að vera tryggð með sýnileika innviðanna og opnu aðgengi. Einnig er mikilvægt að tryggja opinn aðgang að rannsóknagögnum og gæði rannsókna með því að styrkja ferla tengdum siðferði vísinda, leyfisveitingum og vistun rannsóknagagna.

Innvíðir kennslu verða byggðir upp samhliða uppbyggingu rannsóknainnvíða. Gerðar verða áætlanir um tækjakaup og aðbúnað kennslu sem styðja við gæði náms sem byggja á kennslufræðilegum grunni og styðja við virkni og mæta þörfum nemenda.

Markmið HÍ26

1

Opinn og alþjóðlegur

ÞVERFAGLEGT STARF

Umgjörð starfsins styðji í hvítetna við þverfaglegt samstarf í kennslu, rannsóknum og öllu starfi skólans

ALÞJÓÐATENGL

Sameiginlegum námsleiðum með erlendum háskólum verði fjölgað, tækifæri til skiptináms aukin og stutt við alþjóðlegt rannsóknasamstarf

NÝSKÖPUN OG FRAMFARIR

Umhverfi nýsköpunar nemenda og rannsakenda verði eft í samstarfi við Vísindagarða, atvinnulíf og samfélag. Stuðlað verði að eflingu íslensku í heimi breytinga

STARFSHÆFNI NEMENDA

Aðgengi að símenntun verði eft og áhersla lögð á hæfni nemenda til að takast á við fjölbreytt störf og áskoranir í kvikum og tæknivæddum heimi

2

Sjálfbærni og fjölbreytileiki

ÞEKING Í ÞÁGU SJÁLFBÆRS SAMFÉLAGS

Háskólinn verði leiðandi á sviði sjálfbærni í krafti kennslu, rannsókna og þekkingarsköpunar

SJÁLFBÆR STARFSEMI

Skólinn verði í forystu í sjálfbærri starfsemi og setji sér mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis á stefnutímabilinu sem byggji á markmiðum Íslands í þeim málaflokki

FJÖLBREYTT HÁSKÓLASAMFÉLAG

Háskólinn verði enn betri vinnustaður sem tryggji jafnrétti og fjölbreyttan bakgrunn nemenda og starfsfólks. Stutt verði sérstaklega við nemendur af erlendum uppruna og áhersla lögð á fjölbreytileika nemendahópsins

SAMSTARF VIÐ SAMFÉLAGIÐ

Kortlagning á hagsmunaaðilum og áætlun og aukinn stuðningur við miðlun og samstarf, með áherslu á milliliðalaust samtal rannsakenda og samfélags til að bregðast við falsfréttum, auka traust á vísindum og undirbyggja opinbera stefnumótun

3

Afl á grunni gæða

NOTENDAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA

Notendamiðuð þjónusta sem byggir á þörfum nemenda, starfsfólks og stjórnenda verði í forgrunni í starfsemi skólans með stafrænni umbreytingu

GÆÐI NÁMS Í FYRIRRÚMI

Kennsluhættir og námsframboð verði í sífellri þróun og burðarstólpi í gæðastarfi skólans með námsánægju og gæði að leiðarljósi. Áhersla verði á þróun stafrænna kennsluhátta, fjarnáms og opinna netnámskeiða

VANDAÐ FRAMHALDSNÁM

Áhersla verði lögð á að styrkja umgjörð og fjármögnun doktorsnáms og að námsframboð á meistarastigi verði eftl

FRAMÚRSKARANDI VÍSINDI

Stuðningur við rannsakendur verði eflur með bættu aðgengi að styrkjum og rannsóknainnvíðum, sem og opnum og betri aðgangi að rannsóknagögnum og niðurstöðum

4

Góður vinnustaður

MANNAUÐUR OG STARFSGLEÐI

Stuðlað verði að hvetjandi starfsumhverfi með vellíðan nemenda og starfsfólks að leiðarljósi, sem laðar til sín metnaðarfullt fólk með fjölbreyttan bakgrunn. Stjórnun verði eflur með stuðningi, styrkari umgjörð, fræðslu og þjálfun

INNVIÐIR RANNSÓKNA OG KENNSLU

Rannsóknainnvíðir, aðstaða og húsnaði styðji við markmið um framþróun rannsókna og kennslu, svo og þverfræðilegt starf og gæði í starfsemi skólans

FARSÆLT HÁSKÓLASVÆÐI

Heildstæð sýn á skipulag háskólasvæðisins stuðli að jöfnu aðgengi og samheldnu þekkingarsamfélagi nemenda og starfsfólks af öllum fræðasviðum. Algild hönnun, vistvænar samgöngur og grænar tengingar verði í forgrunni


FJÁRMÁL OG REKSTUR

Fjármögnun, hagræði og skilvirkni í rekstri verði tryggð. Fjármögnun og launasetning endurspegli stefnu skólans

Innleiðing HÍ26

Markmiðin sem sett eru fram í HÍ26 vísa veginn í öllu starfi skólans. Mikilvægt er að starfsfólk og stjórnendur nýti þau við forgangsriðun verkefna og fjármuna. Við innleiðingu stefnunnar er lögð áhersla á skýra ábyrgð á þeim umbótaverkefnum sem ráðist verður í. Sameiginlegt stefnubókhald með mælikvörðum verður innleitt til að gefa á hverjum tíma raunsanna mynd af framvindu og árangri, ásamt því að stjórnendum verður veittur aukinn stuðningur við að innleiða stefnuna.

Umfangsmestu verkefni sem stuðla að innleiðingu HÍ26 eru sett fram með tíu verkefnastofnum. Hver þeirra er formleg umgjörð um umbóta-verkefni sem varða heildarhagsmuni skólans og geta varað í nokkur ár. Verkefnastofnarnir tíu snúa að öllum markmiðum HÍ26 og tilgreina forgangsverkefni næstu ára. Árlega verða gerðar áætlanir um innleiðingu hvers verkefnastofns. Vinnulagi sem lagt er til grundvallar við innleiðingu HÍ26 er nánar lýst í innleiðingaráætlun sem verður að finna á innri vef skólans.





Verkefna- stofnar



Alþjóðlegt samstarf um kennslu



- » Fjölga sameiginlegum námsgráðum með erlendum háskólum og mat einfaldað á þreyttum einingum
- » Aukið samstarf í kennslu við aðra Aurora-háskóla, sérstaklega á sviði sjálfbærni, stafræns samfélags og borgaravitundar, heilsu og margbreytileika
- » Þróa pakka alþjóðlegra námskeiða fyrir íslenska og erlenda nemendur til að auðvelda flæði nemenda og fræðafólks
- » Auka sambættingu upplýsingakerfa er tengjast námi og kennslu við aðra Aurora-háskóla

Mannauður, vinnustaðamenn- ing og þróun stjórnunar



- » Bæta starfsumhverfi, gera umgjörð um störf skýrari og framkvæma áhættumat starfa
- » Efla og auka stuðning við stjórnendur og skýra hlutverk og ábyrgð
- » Stuðla að aukinni fjölbreytni starfsmannahópsins við nýráðningar og bæta móttöku nýliða
- » Móta heildstæða sýn um ráðningar og starfsumgjörð starfsfólks sem ráðið er þvert á starfseiningar
- » Launasetningarkerfi endurspegli framtíðarsýn skólans

Notendamiðuð þjónusta og stafræn umblyting stjórnsýslu



- » Hindrunum við þverfaglegt nám rutt úr vegi
- » Innri samskiptaáætlun og mælaborð stjórnenda innleidd
- » Notendamiðuð hönnun nýtt til að þróa stafræna þjónustu fyrir nemendur og starfsfólk
- » Þjónusta byggir á skilvirkri sjálfsafgreiðslu og á persónulegri þjónustu á þjónustuborði
- » Þjónusta eflað við starfsfólk og nemendur sem hafa ekki íslensku sem fyrsta mál á innri vef og með upplýsingafundum á ensku

Samfélagsleg nýsköpun, framfarir og starfshæfni nemenda



- » Auka samlegð Nýsköpunarseturs Vísindagarða, Tengslatorgs og starfsþjálfunar HÍ
- » Þverfagleg námskeið í frumkvöðlafræðum og samfélagslegri nýsköpun í boði fyrir nemendur og kennara
- » Efla íslenskuna í heimi breytinga, m.a. með þróun máltækni
- » Styrkja nýsköpunarmenningu og stuðning við hagnýtingu rannsókna
- » Stofna samráðsvettvang tengdan nýsköpun og samfélagslegum áhrifum
- » Auka samstarf við önnur skólastig um nýsköpun og vísindi

Samstarf við samfélag og margvíslegar leiðir til miðlunar



- » Kortlagning og áætlun gerð um miðlun og samstarf við helstu hagsmunahópa til að sporna við falsfréttum, auka traust á vísindum og gera áhrif vísinda á samfélagið sýnilegri. Áhersla á að fjölga milliliðalausum leiðum til samtals og að samræmt kynningarefni stuðli að ímynd skólans sem opnum og þverfræðilegum
- » Aukinn stuðningur við samstarf akademískra við stofnanir og starf sem undirbyggir opinbera stefnumótun
- » Gera rannsóknastarf sýnilegra alþjóðlegu vísindasamfélagi með áherslu á enskan vef skólans
- » Verkefnið Sprettur þróað sem vettvangur margbreytilegs samstarfs við fólk af erlendum uppruna og stofnanir tengdar málefnum innflytjenda
- » Kortlagning á samstarfi við samfélög utan höfuðborgarsvæðisins og tillögur gerðar um þróun þess

Verkefnastofnar



Sjálfbærniáherslur í kennslu, rannsóknum og rekstri skólans



- » Auka meðvitund og skilning á sjálfbærni með kynningum, vinnustofum og mælaborðum yfir sjálfbærniáherslur í rannsóknum og kennslu
- » Áhersla á sjálfbærni í námi með fjölgun námskeiða og stuðningi við kennara. Námsleiðir og námskeið tengd sjálfbærni verði í boði fyrir nemendur á öllum fræðasviðum
- » Unnið að kolefnishlutleysi skólans með kortlagningu losunar og mótvægisáðgerðum
- » Metið hvort auka megi áherslu á sjálfbærni og þverfagleika við úthlutun úr samkeppnisjóðum skólans

Styrkjasókn, nýliðun í vísindum, opin vísindi og siðferði vísinda



- » Efla stuðning við rannsakendur til þess að sækja fram í erlendri styrkjasókn, m.a. með verkefnastofum miðlægt og á fræðasviðum
- » Endurskoða ferli við ráðningar nýliða í vísindum, m.a. viðmið um reynslu erlendis frá, og styrkja móttöku þeirra
- » Háskólinn móti sér skýra sýn um opin vísindi sem styður við þverfræðilegt starf og aukin áhrif rannsókna
- » Heildstæð sýn mótuð í siðferði vísinda og ferlar styrktir vegna leyfisveitinga rannsókna með aukinni skráningu, stuðningi og eftirfylgni
- » Auka sýnileika rannsókna innan skólans til þess að styðja við rannsóknasamstarf þvert á fræðasvið og deildir

Umgjörð, fjármögnun og gæði meistara- og doktorsnáms



- » Gera úttekt á stöðu meistaranáms, ráðast í úrbætur byggt á henni og treysta valdar námsleiðir. Efla samstarf Miðstöðvar framhaldsnáms við deildir við uppbyggingu meistaranámsins
- » Stuðla að jafnvægi í inntöku nýrra doktorsnema og brautskráningum með bættum stuðningi við framvindu námsins og hlúa að samskiptum nemenda og leiðbeinenda
- » Fjölga styrkjum sem veittir eru samhliða inntöku í doktorsnám eða veittir til fjögurra ára
- » Auka hreyfanleika doktorsnema og þverfræðilegt og alþjóðlegt samstarf í doktorsnámi, m.a. í gegnum samstarfsnet við aðra háskóla

Uppbygging rannsókn- og kennsluinnviða og þróun háskólasvæðisins í heild



- » Auka samstarf innan og utan Háskólans um rannsóknainnviði, m.a. með skráningu rannsóknainnviða
- » Fjármögnun rannsóknainnviða tryggð með hliðsjón af áætlun um rekstur þeirra og hagrætt í innkaupum á rannsóknarrekstrarvörum
- » Árlega gerð áætlun um uppbyggingu kennsluáðstöðu og tækja á öllum fræðisviðum, byggt á kennslufræðilegri sýn
- » Uppbygging háskólasvæðisins verði með áherslu á algilda hönnun, samheldið háskólasamfélag og sjálfbæra starfsemi. Áhersla lögð á að ljúka húsnæði Heilbrigðisvísindasviðs, ljúka flutningi Menntavísindasviðs og byggja nýtt húsnæði fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið
- » Efla þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum um rannsóknainnviði

Upplýsingatækni í kennslu, námsframboð og fjölbreytileiki nemendahópsins



- » Aukinn stuðningur við kennara um notkun upplýsingatækni í kennslu og styrkir veittir til deilda til að þróa námsleiðir í fjarnámi og opin netnámskeið
- » Tækifæri kennara til að þróa eigin kennslu aukin og möguleikar á akademískum kennslustöðum metnir
- » Tryggja sífellda endurskoðun námsframboðs til að mæta þörfum nemenda og atvinnulífs og heildstæð sýn mótuð á þróun og framboð sí- og endurmenntunar
- » Aukinn stuðningur við nemendur af erlendum uppruna og aðgerðir til að auka fjölbreytileika nemendahópsins

Mælikvarðar

OPINN OG ALÞJÓÐLEGUR

- » Ritryndar birtingar í erlendu samstarfi
- » Nemendur sem taka hluta náms við erlenda háskóla
- » Einkaleyfi, nytjaleyfi og sprotafyrirtæki
- » Mat útskrifaðra nemenda á undirbúningi þeirra fyrir starf

AFL Á GRUNNI GÆÐA


- » Ánægja starfsfólks með þjónustu skólans
- » Námsánægja á öllum námsstigum
- » Brautskráningarhlutfall
- » Traust almennings til Háskóla Íslands
- » Einkunn Gæðaráðs íslenskra háskóla
- » Staða skólans á alþjóðlegum matslistum

SJÁLFBÆRNI OG FJÖLBREYTILEIKI

- » Framlag kennslu og rannsókna til heimsmarkmiða skv. alþjóðlegum mælikvörðum
- » Kolefnisfótspor vegna samgöngumáta og starfsemi
- » Kynjahlutfall meðal nemenda eftir deildum og hlutfall innflytjenda af nemendahópnum
- » Ritryndar birtingar með atvinnulífi
- » Samstarf við opinberar stofnanir og framkoma fræðafólks á innlendum vettvangi

GÓÐUR VINNUSTAÐUR

- » Ánægja í starfi
- » Álag og streita í starfi
- » Kynbundinn munur á launum og eftir starfsheitum
- » Ánægja starfsfólks með stuðning við rannsóknir
- » Opinber framlög og sjálfsaflafé í samanburði við háskóla á Norðurlöndum







**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**